



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

---

## HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

ENDURNÝJUN  
NEYSLUVATNSLAGNA

**SKILAGREIN**

FEBRÚAR 2011



## EFNISYFIRLIT

<b>ALMENNT UM SKILAGREINAR .....</b>	<b>3</b>
<b>1.0 UNDIRBÚNINGUR .....</b>	<b>3</b>
1.1 Lýsing framkvæmdar .....	3
1.2 Frumathugun.....	3
1.3 Áætlunargerð .....	3
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	3
<b>2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD .....</b>	<b>4</b>
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	4
2.2 Framvinda .....	4
<b>3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR.....</b>	<b>5</b>
3.1 Heildarkostnaður.....	5
<b>4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>5</b>
4.1 Árangur framkvæmdarinnar .....	5
4.2 Staðfesting skilagreinar.....	5

---

## ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

## 1.0 UNDIRBÚNINGUR

### 1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir endurbótum á neysluvatnslögnum í byggingum A, B, og C við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS), Skólavegi 8, Reykjanesbæ.

Verkkaupi var heilbrigðisráðuneytið.

Verkefnastjóri Framkvæmdasýslu ríkisins við þetta verkefni var Guðmundur Pálsson.



Anddyri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

### 1.2 Frumathugun

Tildrög verkefnisins voru þau að lagnir voru orðnar gamlar og farnar að leka. Gerð var könnun á ástandi lagna og var tekin ákvörðun um að endurnýja allar helstu neysluvatnslagnir í byggingum A, B, og C við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja Skólavegi 8 Reykjanesbæ. Formleg frumathugun var ekki gerð. Kostnaðarmat, áður en hafist var handa við hönnun, var 47.900.000 krónur.

### 1.3 Áætlunargerð

#### Hönnun

Upphafleg áætlun var yfirfarin, með dyggri aðstoð umsjónarmanna Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Skoðað það helsta sem hægt var að komast að áður en verkið hófst. Ákveðið var af FSR og ráðuneytinu í upphafi að hagkvæmast væri að vinna verkefnið þrískipt, það er hver bygging yrði sérstakur verkafangi. Með því næðist betur utan um hvað teldist nauðsynlegt að yrði gert. Áhersla var á að halda niðri kostnaði en endurnýja þó allt sem komið var á tíma.

#### Ráðgjafar


Ráðgjafar voru Tækniþjónusta S.Á ehf., Hafnargötu 60, 230 Reykjanesbæ. Heildarupphæð samning við þá var kr. 1.600.000 án vsk.

### 1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun, að lokinni hönnun, var 36.267.300 kr., sundurliðuð eftir byggingum þannig:

A- bygging kr. 9.425.100  
 B- bygging kr. 14.749.700  
 C- bygging kr. 12.092.500

Fjármögnun verksins miðaðist við fyrrnefnda þrískiptingu enda ekki gert ráð fyrir að fjárveitingar fengjast nema fyrir einn áfanga í einu.



Grunnmynd 1. hæðar A-álfu. Teikning Tækniþjónustu SÁ.ehf.

## 2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Eins og fram hefur komið var ákveðið að vinna verkið í þremur áföngum enda ekki fengnar fjárveitingar nema fyrir einn áfanga í einu. Leitað var tilboða hjá pípulagnaverktaka, Vatnsafli ehf., sem hafði þjónað sjúkrahúsinu til langs tíma, fyrst í B-byggingu, að henni lokinni var ákveðið að fara í endurbætur í C-byggingu og síðar einnig endurbætur í A-byggingu.

Samningar við verktaka voru eftirfarandi:

- Samingur um neysluvatnlagir í B-byggingu, dags. 10. desember 2008, að upphæð kr. 9.483.707 með vsk.
- Samingur um neysluvatnlagir í C-byggingu, dags. 19. febrúar 2009, að upphæð kr. 5.768.234 með vsk.
- Samingur um neysluvatnlagir í A-byggingu, dags. 12. maí 2009, að upphæð kr. 3.246.548 með vsk..

Fjárhæðir í öllum samningar urðu undir kostnaðaráætlunum áfanganna.

### 2.2 Framvinda

Fyrsti áfangi, endurbætur neysluvatnslagna í B-byggingu, hófst strax að lokinni samningsgerð. Gengu framkvæmdir mjög vel og lauk B-áfangi 4. febrúar 2009.

C-áfangi hófst í lok febrúar 2009 og lauk 29. apríl 2009.

A- áfangi hófst að C-áfangaloknum og lauk 4. júní 2009. Hafði þá úttekt byggingarfulltrúa farið fram á öllum áföngum.



Endurnýjun stofnlagnar.

### 3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

#### 3.1 Heildarkostnaður

Eins og að framan greinir þá var upphaflega tekið til að kostnaður gæti numið 47,9 m.kr. Sú áætlun var lækkuð niður í kr. 36.267.300 að lokinni góðri hönnun. Að verki loknu kom í ljós að einungis voru nýttar tæpar 20 m.kr. til verksins sem er um 42% af fyrst áætluðum kostnaði og einungis um 56% af áætluðum kostnaði eftir að hönnun lauk.



Utanálíggjandi lagnir.

### 4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

#### 4.1 Árangur framkvæmdarinnar

Tildrög þess að komist var af með um helming fjárveitingar var sá að þegar rífið er frá loftum þá voru eldri lagnir grandskoðaðar og allt sem talist í góðu eða viðunandi lagi látið njóta sín áfram. Jafnframt var náð góðum samningum við verktaka sem og góð aðstoð umsjónarmanna HSS við eftirlit og Tækniþjónustu S. Á. við mat á eldri lögnum. Gæði verksins voru þó í góðu samræmi við þann árangur sem stemmt var að.



Inntaksgrind.

#### 4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri